

Ed.

413. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 55 1913, um stofnun landhelgissjóðs Íslands, og á lögum um breyting á þeim lögum, nr. 68 1915.

Frá fjárveitinganefnd.

3. gr. laga nr. 55 1913, um stofnun landhelgissjóðs Íslands, og 1. gr. laga um breyting á þeim lögum, nr. 68 1915, eru úr gildi feldar.

Greinargerð.

Í 3. gr. laga nr. 55 1913 var svo ákveðið, að úr ríkissjóði skyldi árlega greiða 5000 krónur í landhelgissjóð Íslands, er stofnaður var með þeim lögum, og í 1. gr. laga nr. 68 1915, um breyting á þeim lögum, var árstillagið fært upp í 20000 krónur.

Landhelgissjóðurinn var í lok síðasta árs orðinn sem næst $1\frac{1}{2}$ miljón króna (kr. 1496443,24), og var þó þá búið að greiða úr honum rúmlega 100000 krónur upp í hið nýja strandvarnarskip, sem verið er að byggja. Verður sjóðurinn því væntanlega um miljón króna, þegar hann er búinn að borga hið nýja skip að fullu. Tekjur sjóðsins, að ríkissjóðstillaginu meðtöldu en að undanskildum vöxtum, voru kr. 513406,52 árið sem leið, árið 1924 kr. 320533,03, árið 1923 kr. 82708,84, árið 1922 kr. 193851,76 og árið 1921 kr. 345827,06, en tillag það, sem sjóðnum er ætlað að greiða til landhelgigæslunnar árið 1927, ekki nema kr. 125000,00, og er ekki að búast við því, að tekjur sjóðsins minki svo mjög, þrátt fyrir aukna landhelgigæslu, að þær nái ekki þeirri upphæð að meðaltali árlega.

Að þannig vöxnu máli þykir fjárveitinganefndinni ekki ástæða til, að ríkissjóður greiði framvegis tillag til landhelgissjóðsins, og leyfir sjer því að bera fram frv. þetta.